

ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNÐARÁÐ REYKJANESBÆJAR



OG

HESTAMANNAFÉLAGIÐ MÁNI

gera með sér eftirfarandi

SAMNING

um eflingu barna og ungmennastarfs félagsins.

Reykjanæsbær kt. 470794-2169 og Hestamannafélagið Máni 690672-0229 gera með sér svohljóðandi samning:



1. grein. Markmið

Markmið samningsaðila er að tryggja öflugt og fjölbreytt íþróttastarf í bæjarfélaginu. Hestamannafélagið Máni skal hafa það að markmiði í starfsemi sinni að bjóða börnum og unglingum upp á skipulagt íþróttastarf undir leiðsögn menntaðra og hæfra leiðbeinenda þar sem forvarnargildi íþróttá er haft að leiðarljósi. Samhliða að leitast við að hlúa að keppnis- og afreksfólki þannig að það nái sem bestum árangri.

2. grein. Skil á skýrslu

Hestamannafélagið Máni skilar inn til ÍT skýrslu eigi síðar en **31. des. 2020** um hvernig staðið var að framkvæmd samningsins.

3. grein. Greiðslur

ÍT greiðir Hestamannafélaginu Mána **kr. 1.200.000.-** sem greiðast við undirritun samningsins.

4. grein. Kynning á starfsemi

Hestamannafélagið Máni sendir reglulega fréttir og eða auglýsingar af starfsemi félagsins til íþróttá- og tómsundafulltrúa og kynnir starfsemi félagsins í ÍT ráði sé eftir því óskað.

5. grein. Gildistími

Samningur þessi gildir frá undirritun og fellur úr gildi **31. desember 2020**. Aðilar samnings skulu hefja viðræður um áframhald samnings eða breytingar á honum í byrjun september 2020.

6. grein. Endurskoðunarákvæði

Samninginn er heimilt að endurskoða hvenær sem er á gildistímanum, ef annar hvor samningsaðila óskar þess. Ágreiningsefnum skal vísa til íþróttá- og tómsundafulltrúa, sem leitar álits ÍT ráðsins eftir því sem við á hverju sinni. Eftirlitsaðili samnings þessa er sviðsstjóri Fræðsluviðs.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða eintök, sitt handa hvorum aðila.

Reykjanæsbær _____ 2020

fh. Íþróttá- og tómsundaráðs
Reykjanæsbæjar

fh. Hestamannafélagsins Mána